

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 58

32. árgangur

25.9.2025

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2025/EES/58/01	Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir EFTA-ríkin sem gilda frá 1. júlí 2025	1
2025/EES/58/02	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA Nr. 090/25/COL frá 11. júní 2025 um sölu eignar í Lørenskog (Noregi)	2
	3. EFTA-dómstóllinn	
2025/EES/58/03	Dómur dómstólsins frá 5. júní 2025 í máli E-25/24 – Dartride AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvári er dómsmála- og almannaoðryggisráðuneytið (Staten v/Justis- og beredskaps-departmentet),	19
2025/EES/58/04	Dómur dómstólsins frá 5. júní 2025 í máli E-26/24 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi ...	20
2025/EES/58/05	Beiðni <i>Fürstliches Obergericht</i> (áfrýjunardómstóls Liechtenstein) dagsett 30. apríl 2025 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Dommages Aréas gegn Gable Insurance AG in Konkurs (Mál E-8/25)	21
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/58/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11914 – MOWI/NOVA SEA)	22
2025/EES/58/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11939 – FRIESLANDCAMPINA/MILCOBEL)	23
2025/EES/58/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11944 – MMG/BRAZILIAN NICKEL BUSINESS OF ANGLO AMERICAN)	24
2025/EES/58/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12001 – MITSUI/MHI/MELCO/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	25

2025/EES/58/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12045 – ADVENT/KEREIS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	26
2025/EES/58/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12055 – PLATINUM EQUITY GROUP/NCH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2025/EES/58/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12091 – ADVENT/ RECKITT BENCKISER (ESSENTIAL HOME BUSINESS)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	28
2025/EES/58/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12102 – BANCA CF+/ BANCA SISTEMA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	29
2025/EES/58/14	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12112 – FSK/ARES/ PRODUCTION RESOURCE GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	30
2025/EES/58/15	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12123 – NORDIC CAPITAL/ PERMIRA/BAVARIAN NORDIC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	31
2025/EES/58/16	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12137 – AURELIUS/ FIAMM ENERGY TECHNOLOGY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	32
2025/EES/58/17	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12141 – OAKLEY CAPITAL/ GA/AT/BREVO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	33
2025/EES/58/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11648 – APG REP/PIMCO PRE/OMGH JV)	34
2025/EES/58/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.12013 – DOORDASH/DELIVEROO)	34
2025/EES/58/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.12038 – ERSTE HOLDING/SBP)	35
2025/EES/58/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.12067 – ALBA/BPCE/CDC/NEMO FRANCE)	35
2025/EES/58/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.12106 – OAKTREE/SUP)	36
2025/EES/58/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.12126 – CPP INVESTMENTS/EFMS/NEOGOV)	36
2025/EES/58/24	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	37
2025/EES/58/25	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	39

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber
við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir
EFTA-ríkin sem gilda frá 1. júlí 2025**

2025/EES/58/01

*Birt í samræmi við reglur um viðmiðunar- og afreiknivexti sem fram koma í VII. hluta
leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA og 10. gr. ákvörðunar ESA nr. 195/04/COL
frá 14. júlí 2004 ⁽¹⁾*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 788/08/COL frá 17. desember 2008. Við útreikning gildandi viðmiðunaryaxta er viðeigandi álagi bætt við grunnvextina í samræmi við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð.

Grunnvextirnir eru ákvarðaðir sem hér segir:

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.7.2025 –	9,27	1,09	4,71

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA**2025/EES/58/02****Nr. 090/25/COL frá 11. júní 2025****um sölu eignar í Lørenskog (Noregi)**

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“),

með vísan til

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. og 62. gr.,

bókunar 26 við EES-samninginn,

samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ eða „SED“), einkum 24. gr.,

ákvæða bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókun 3 SED“), einkum 5. mgr. 7. gr., 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. II. hluta,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila ⁽¹⁾, og að teknu tilliti til athugasemda þeirra,

að teknu tilliti til:

I. MÁLSATVIK**1 Málsmeðferð**

- 1) Hinn 8. ágúst 2022 ⁽²⁾ barst ESA kvörtun frá norska sveitarfélaginu Lørenskog („sveitarfélagið“) þar sem því er haldið fram að það hafi veitt Masserud Utvikling AS („Masserud“) ólöglega ríkisaðstoð þar sem sveitarfélaginu hafi aldrei borist greiðsla frá Masserud vegna sölu eignar í Lørenskog („eignin sem um ræðir“).
- 2) Hinn 7. september 2022 ⁽³⁾ framsendi ESA norskum stjórnvöldum kvörtunina ⁽⁴⁾. Hinn 4. október 2022 ⁽⁵⁾ óskuðu norsk stjórnvöld eftir því að frestur til þess að leggja fram athugasemdir yrði lengdur til 14. október 2022. ESA samþykkti framlenginguna samdægurs. Hinn 17. október 2022 ⁽⁶⁾ sendu norsk stjórnvöld síðan frumathugasemdir sínar varðandi kvörtunina.
- 3) Masserud lagði fram athugasemdir sínar við kvörtunina með bréfi dags. 14. september 2022 ⁽⁷⁾. ESA óskaði upplýsinga frá norskum stjórnvöldum með bréfi dags. 9. febrúar 2023 ⁽⁸⁾. Hinn 7. mars 2023 ⁽⁹⁾ barst ESA svar frá norskum stjórnvöldum við upplýsingabeiðninni.

⁽¹⁾ Ákvörðun ESA nr. 173/23/COL, sala á eign í sveitarfélaginu Lørenskog.

⁽²⁾ Skjöl nr. 1308444, 1308455, 1308457 og 1308458.

⁽³⁾ Skjal nr. 1310604.

⁽⁴⁾ Nánar tiltekið til viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins sem tjáir opinbera afstöðu Noregs í þessu máli.

⁽⁵⁾ Skjal nr. 1317746.

⁽⁶⁾ Skjal nr. 1321477.

⁽⁷⁾ Skjöl nr. 1327441, 1313013 og 1312674.

⁽⁸⁾ Skjal nr. 1327441.

⁽⁹⁾ Skjöl nr. 1357235 og 1357237.

- 4) ESA hóf hið formlega rannsóknarferli með ákvörðun nr. 173/23/COL („ákvörðunin um að hefja rannsókn“) ⁽¹⁰⁾. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var lagt mat á sölu sveitarfélagsins á eigninni sem um ræðir til Masserud og vanrækslu sveitarfélagsins á því í framhaldinu að krefjast greiðslu af Masserud ⁽¹¹⁾. Norskum stjórnvöldum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við ákvörðunina um að hefja rannsókn fyrir 30. janúar 2024.
- 5) Sveitarfélagið lagði fram, með bréfi dags. 26 janúar 2024 ⁽¹²⁾, upplýsingar til viðbótar ⁽¹³⁾. Hinn 20. febrúar 2024 lagði Masserud fram bréf með athugasemdum ⁽¹⁴⁾ ásamt viðaukum ⁽¹⁵⁾. ESA framsendi norskum stjórnvöldum með bréfi dags. 26. mars 2024 útgáfu af bréfinu án trúnaðarupplýsinga.
- 6) Norsk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir við athugasemdir Masserud með bréfi dags. 30. maí 2024, eftir framlengdan frest með samþykki ESA ⁽¹⁶⁾. Enginn annar hagsmunaaðili lagði athugasemdir fram við ESA.
- 7) ESA óskaði eftir nánari upplýsingum frá norskum stjórnvöldum hinn 17. október 2024 ⁽¹⁷⁾. Hinn 13. nóvember 2024 ⁽¹⁸⁾ lagði sveitarfélagið fram svar við beiðni ESA. Masserud lagði enn fremur fram umbeðnar upplýsingar, að ósk norskra stjórnvalda, með bréfi dags. 8. nóvember 2024 ⁽¹⁹⁾.
- 8) Hinn 7. febrúar 2025 óskaði ESA eftir því að norsk stjórnvöld gerðu skýrlega grein fyrir raunverulegu söluverði eignarinnar sem um ræðir ⁽²⁰⁾. Hinn 18. febrúar 2025 ⁽²¹⁾ veittu norsk stjórnvald svar við upplýsingabeiðninni. Hinn 10. febrúar 2025 sendi ESA Masserud beiðni um viðbótarupplýsingar skv. 6. gr. SED ⁽²²⁾. Masserud svaraði 10. mars 2025 ⁽²³⁾.

2 Lýsing á ráðstöfuninni

2.1 Forsaga

- 9) Hinn 20. janúar 2014 gerðu sveitarfélagið og Glitnegaarden AS, sem síðar varð Masserud ⁽²⁴⁾, þróunarsamning sem varðaði nýja innviði og íbúðabyggð í Lørenskog.
- 10) Hinn 27. janúar 2014 gerðu sveitarfélagið og Masserud sérstakan samning varðandi sölu til Masserud á eigninni sem um ræðir, sem felst í lóð í opinberri eigu, fyrir NOK 7 709 058 ⁽²⁵⁾. Stór hluti eignarinnar sem um ræðir hafði verið ætlaður fyrir íbúðabyggð samkvæmt skipulagsreglum og það sem eftir var ætlað fyrir tengivegi og innviði. Ekki lá fyrir verðmat á eigninni fyrir sölu frá óháðum sérfræðingi. Kaupverðið var ákveðið í samningaviðræðum milli aðilanna. Einnig var tekið mið af viðeigandi viðskiptum og upplýsingum frá fasteignasölum.
- 11) Samkvæmt sölusamningnum átti greiðsla vegna eignarinnar að fara fram tveimur vikum eftir að Masserud hlaut tímabundið nýtingarleyfi. Tímabundið nýtingarleyfi var veitt 23. maí 2017, sem gerði að verkum að greiðsla af hálfu Masserud átti að berast 6. júní 2017. Sveitarfélagið sendi Masserud hins vegar ekki reikning fyrir greiðslunni og Masserud innti greiðsluna ekki af hendi til sveitarfélagsins.
- 12) Það kom fyrst í ljós hjá sveitarfélaginu snemma árs 2021 að greiðslan hefði aldrei verið framkvæmd. Því sendi sveitarfélagið Masserud reikning fyrir kaupverðinu hinn 16. mars 2021, að fjárhæð NOK 8 249 339, með leiðréttingu á grundvelli gildandi neysluverðsvisitölu, ásamt kostnaði.

⁽¹⁰⁾ Ákvörðun ESA nr. 173/23/COL, sala á eign í sveitarfélaginu Lørenskog.

⁽¹¹⁾ Sjá undirkafla 4.3 í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn.

⁽¹²⁾ Skjöl nr. 1432026, 1432028 og 1432030.

⁽¹³⁾ Skjal nr. 1432028.

⁽¹⁴⁾ Skjal nr. 1437707.

⁽¹⁵⁾ Skjöl nr. 1437708 og 1437709.

⁽¹⁶⁾ Skjal nr. 1459860.

⁽¹⁷⁾ Skjal nr. 1481533.

⁽¹⁸⁾ Skjal nr. 1497575.

⁽¹⁹⁾ Skjal nr. 1497569.

⁽²⁰⁾ Skjal nr. 1516288.

⁽²¹⁾ Skjöl nr. 1519016, 1519018, 1519022, og 1519020.

⁽²²⁾ Skjal nr. 1516536.

⁽²³⁾ Skjal nr. 1523662.

⁽²⁴⁾ Glitnegaarden AS fékk nafnið Masserud Utvikling AS árið 2015. Til hægðarauka verður vísað til Masserud í þessari ákvörðun, þ.m.t. á tímabilinu fyrir nafnabreytinguna.

⁽²⁵⁾ Skjal nr. 1308455.

- 13) Masserud svaraði hinn 30. júní 2021, í kjölfar nokkurra áminninga, og staðhæfði að krafan væri úrelt þar sem þriggja ára fyrningarfrestur sem kveðið er á um í 2. gr. norsku fyrningarlaganna ⁽²⁶⁾ væri liðinn.
- 14) Síðar sama ár bauð sveitarfélagið Masserud til fundar til að fjalla um málið. Fjöldi mála var ræddur á fundinum sem eigendur Masserud sóttu ⁽²⁷⁾. Fundurinn varðaði einkum tiltekna tæknilega aðstöðu, s.s. vegi, sem fellur undir þróunarsamninginn milli aðilanna ⁽²⁸⁾. Sveitarfélagið og Masserud komust ekki að samkomulagi varðandi greiðslu fyrir eignina sem um ræðir.

2.2 Masserud Utvikling AS

- 15) Masserud er félag með takmarkaða ábyrgð sem einkum fæst við þróun og sölu fasteigna. Félagið er dótturfélag alfarið í eigu Olavsgaard Eiendom AS, sem er eigandi u.þ.b. 43 000 m² atvinnuhúsnæðis í Nedre Romerike, Akershus-fylki, Noregi. Atvinnuhúsnæðið er m.a. hótél (Olavsgaard Hotell og Losby Gods), skrifstofur, fyrirtæki og íbúðir.
- 16) Olavsgaard Eiendom AS er hluti fasteignasamstæðunnar Olavsgaard Gruppen AS, sem er í eigu Fjellheim-fjölskyldunnar. Starfsemi samstæðunnar er skipt í tvær meginrekstrareiningar: fasteignapróun (Olavsgaard Eiendom AS) og fasteignarekstur (Olavsgaard Drift AS). Þessum tveimur einingum er síðan skipt enn frekar í nokkur minni fyrirtæki. Samkvæmt Masserud fer starfsemi Olavsgaard Gruppen AS aðallega fram í sveitarfélaginu Lørenskog.
- 17) Starfsemin felst í þróun smærri fasteignaverkefna þar sem þau tvö stærstu í seinni tíð eru Masserud Gaard (66 íbúðir og 26 raðhús á Masserud-svæðinu) og Fjellhamar Torg (145 íbúðir og atvinnuhúsnæði á Fjellhamar-svæðinu). Hverju þróunarverkefni Olavsgaard Gruppen AS er stýrt í gegnum sjálfstæða rekstrareiningu sem rekin er í sérstökum tilgangi ⁽²⁹⁾. Svo dæmi sé nefnt annaðist Masserud þróun Masserud Gaard. Fjellheim-fjölskyldan fer með 100% hlut Masserud í gegnum Olavsgaard Gruppen AS.

2.3 Sveitarfélagið Lørenskog

- 18) Lørenskog er norskt sveitarfélag í Akershus-fylki og er hluti af stærra nágrenni Oslóar, rétt austur af borginni. Sveitarfélagið er u.þ.b. 20 km frá Osló og helsti flugvöllur Noregs er í minna en 40 km fjarlægð frá Lørenskog.
- 19) Íbúafjöldi Lørenskog er u.þ.b. 46 000 ⁽³⁰⁾, og er það fimmta fjölmennasta sveitarfélagið á Oslóar-svæðinu ⁽³¹⁾. Íbúafjöldi hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum og svæðið hefur orðið vinsælt til búsetu fyrir þá sem sækja vinnu í og í grennd við Osló. Lørenskog er þar að auki aðsetur eins stærsta háskólasjúkrahúss Noregs, Akershus háskólasjúkrahúss.
- 20) Sveitarfélagið hefur lagt fram upplýsingar frá Hadrian Eiendom AS ⁽³²⁾ („Hadrian“), sem er fasteignafélag sem fæst við atvinnuhúsnæði staðsett í Osló, varðandi fasteignamarkaðinn í Noregi og Lørenskog. Samkvæmt Hadrian er hluti erlendra fjárfestingar á norskum fasteignamarkaði metinn u.þ.b. 20%, byggt á meðaltali sl. 5 ára ⁽³³⁾.
- 21) Samkvæmt könnun af hálfu Hadrian er hlutfall íbúðabyggingaverkefna í eigu erlendra fjárfesta/fyrirtækja í Lørenskog talið 7,5 % miðað við sl. fimm ár ⁽³⁴⁾.
- 22) Samkvæmt sveitarfélaginu lækkuðu vextir stöðugt frá 2015 til 2021, og fóru niður í 0% mestan part árunna 2020 og 2021. Þessi vaxtalækkun leiddi til lægri lántökukostnaðar, sem gerði fjármögnun viðráðanlegri. Leiddi það til þess að fjárfestingarstarfsemi jókst einnig, einkum í stöðugum eignum fyrir atvinnuhúsnæði eins og skrifstofurými og verslunarhúsnæði.

⁽²⁶⁾ Norsku fyrningarlögin (á norsku: *foreldelsesloven*), (LOV-1979-05-18-18).

⁽²⁷⁾ Skjal nr. 1312674.

⁽²⁸⁾ Skjal nr. 1310226.

⁽²⁹⁾ Skjal nr. 1523662.

⁽³⁰⁾ <https://www.lorenskog.kommune.no/om-kommunen/fakta-om-lorenskog-kommune/>.

⁽³¹⁾ <https://www.ssb.no/befolkning/folketall/statistikk/tettsteders-befolkning-og-areal>.

⁽³²⁾ <https://en.hadrian.no/>.

⁽³³⁾ Skjöl nr. 1497565 og 1497567.

⁽³⁴⁾ Sama heimild.

- 23) Þegar eftirspurn jókst tók verð að hækka er fjárfestar sóttust eftir hærri ávöxtun í samanburði við skuldabréf með lága ávöxtunarkröfu. Þessi kröftuga aukning í fjárfestingum hækkaði einnig fasteignamat, einkum í Osló og á nærliggjandi svæðum, þar sem bæði staðbundnir og alþjóðlegir fjárfestar nýttu sér hið hagstæða fjármögnunarumhverfi. Þar að auki jók hækkun á fasteignaverði til endanlegra notenda bæði fjárfestingar og leiddi verðþróun íbúðarhúsnæðis.

3 Ástæður þess að formleg rannsókn hófst

- 24) Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn kom fram sú bráðabirgðaniðurstaða ESA að sala sveitarfélagsins á eigninni sem um ræðir án þess að útistandandi greiðslu væri krafist fæli í sér ríkisaðstoð eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 25) Einnig lét ESA í ljós efasemdir varðandi kaupverðið, einkum hvort umsamið verð hefði verið undir markaðsverði, og þar með falið í sér ávinning fyrir Masserud.
- 26) Enn fremur efaðist ESA um að þessar ráðstafanir gætu talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins.
- 27) ESA tilgreindi möguleg skilyrði þess að lýsa mætti aðstoðinni sem samrýmanlegri framkvæmd EES-samningsins, s.s. á grundvelli 2. mgr. 59. gr. og 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þar sem norsk stjórnvöld báru ekki fyrir sig nokkur þeirra skilyrða sem heimila undanþágur komst ESA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að, að því marki sem ráðstafanirnar teldust ríkisaðstoð, hefði eftirlitsstofnunin efasemdir um að þær samrýmdust framkvæmd EES-samningsins.

4 Athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn

4.1 Athugasemdir sveitarfélagsins

- 28) Þó að sveitarfélagið hafi ítrekað að vanræksla á því að krefjast kaupverðsins hafi ekki samræmt viðskiptaháttum hélt það því fram í athugasemdum sínum að samþykkt kaupverð grundvallaðist á markaðsskilmálum.
- 29) Eins og getið er að framan í mgr. 10), var kaupverðið ákveðið í samningaviðræðum milli aðilanna að teknu tilliti til annarra markaðsviðskipta og upplýsinga frá fasteignasölum. Kaupverðið var á grundvelli samningaviðræðnanna miðað við NOK [3 200 - 3 600] á fermetra hvers nýtanlegs gólfplat (,BRA“) ⁽³⁵⁾.
- 30) Í framhaldi af ákvörðuninni um að hefja rannsókn varð sveitarfélagið sér úti um tölulegar upplýsingar, sem Hadrian hafði útbúið, um raunverulegt eignaverð í sveitarfélaginu Lørenskog þegar samningaviðræður og gerð samningsins við Masserud stóð yfir. Samkvæmt þessum gögnum var markaðsverð á lóðinni árið 2013 (þ.e. árið fyrir eignasöluna í janúar 2014) NOK 3 200 á hvern fermetra af BRA ⁽³⁶⁾.
- 31) Því heldur sveitarfélagið því fram að markaðsverð eignarinnar sem um ræðir sé lægra en verðið sem aðilarnir sömdu um, sem var NOK [3 200 - 3 600] á hvern fermetra af BRA.
- 32) Á grundvelli framangreinds telur sveitarfélagið að samþykkt kaupverð hafi verið í samræmi við raunverulega markaðsskilmála.
- 33) Sveitarfélagið heldur því fram að kaupverðið sem áður var gefið upp gagnvart ESA hafi falið í sér nokkra viðbótarþætti, eða stimpilgjöld, skráningargjöld og leiðréttingar með tilliti til neysluverðs-vísitölu, sem beri að líta hjá. Sveitarfélagið staðfestir að í samræmi við ákvæði kaupsamningsins og upplýsingar sem gerð er grein fyrir í afsali vegna eignaskiptanna hafi kaupverðið verið NOK 7 709 058 ⁽³⁷⁾.

⁽³⁵⁾ BRA er norsk skammstöfun sem þýðir „nýtanlegur gólfplötur“ (*Bruksareal* á norsku).

⁽³⁶⁾ Skjal nr. 1538164.

⁽³⁷⁾ Sjá skjal nr. 1519018.

4.2 Athugasemdir Masserud

- 34) Samkvæmt Masserud felur vanræksla sveitarfélagsins á því að krefjast greiðslu áður en fyrningarfresturinn leið ekki í sér ríkisaðstoð.
- 35) Masserud heldur því fram að meint ríkisaðstoð sé komin til vegna reglna norsku fyrningarlaganna, en ekki vegna þess að sveitarfélagið hafi með virkum hætti gefið kröfuna eftir eða haft ásetning um athafnaleysi og því ekki fylgt kröfunni eftir. Fyrning viðkomandi kröfu sé þess vegna bein afleiðing fyrningarreglnanna. Með því er, að mati Masserud, ekki hægt að rekja ráðstöfunina til ríkisins.
- 36) Masserud telur að skilningur ESA á norsku fyrningarlögnum og þýðingu þeirra í almennum viðskiptasamböndum sé rangur. Enn fremur heldur það því fram að ESA beiti markaðs-aðilareglunni ranglega og væntingar eftirlitsstofnunarinnar til „venjulegs, varfærins og aðgætins almenns lánveitanda“ í sambærilegri stöðu séu rangar.
- 37) Samkvæmt Masserud er ekki óalgengt að varfærinn og aðgætinn almennur lánveitandi geri mistök eða aðhafist ekki vegna kröfu. Sé það í reynd sjálf undirstöðurök þess að fyrningarreglur hafi verið settar.
- 38) Masserud telur að fyrningarreglur gæti jafnvægis milli hagsmuna lánveitanda, skuldara og almennings, og gildi jafnt um alla lánveitendur, hvort sem þeir eru almennir eða opinberir. Bæði almennir lánveitendur og opinberir séu hvattir til þess að gera upp kröfur innan hæfilegs frests, þar sem vanræksla á því leiði annars til hættu á að krafa sé úrelt þegar fyrningarfrestur er liðinn. Fyrningarreglur séu viðurkenning á því að ekki allir lánveitendur, hvort sem þeir eru almennir eða opinberir aðilar, fylgi kröfum sínum tafarlaust eftir.
- 39) Samkvæmt Masserud verði því að bera vanrækslu sveitarfélagsins á því að innheimta kröfuna innan fyrningarfrestsins saman við háttsemi venjulegs almenns lánveitanda.
- 40) Masserud heldur því fram að samkvæmt bráðabirgðamati ESA myndu opinberir lánveitendur hafa fleiri úrræði og betri rétt til að fá kröfur sínar uppgerðar en almennir lánveitendur, sem ekki væri í samræmi við venjulegar markaðsaðstæður. Masserud heldur því þess vegna fram að fyrning kröfunnar sé í samræmi við venjulegar markaðsaðstæður.
- 41) Masserud er sammála sveitarfélaginu um það að sölusamningurinn hafi verið gerður í samræmi við markaðsskilmála. Eignaviðskiptin byggist á fermetraverði sem sé sambærilegt og í svipuðum viðskiptum sem áttu sér stað á sama svæði á sama tímabili.
- 42) Masserud útskýrir enn frekar að með sölu eignarinnar sem um ræðir hafi ekki verið um að ræða einangruð viðskipti milli aðilanna. Eignin sem um ræðir hafi verið hluti af tveimur umfangsmiklum verkefnum sem Fjellheim-fjölskyldan tók að sér í sveitarfélaginu á viðkomandi tímabili.
- 43) Í Masserud-verkefninu hafi þróun opinberra innviða verið forsenda sölunnar á eigninni sem um ræðir.
- 44) Loks heldur Masserud því fram að hvers konar munur á kaupverði sem sveitarfélagið og Masserud gefa upp sé kominn til vegna mismunandi túlkunar á útreikningum í sölusamningnum.

4.3 Athugasemdir norskra stjórnvalda

- 45) Norsk stjórnvöld eru almennt sammála athugasemdum Masserud varðandi túlkun norsku fyrningarlaganna og halda því fram að krafan hafi einungis úrelst vegna fyrningarreglnanna. Því sé ekki um að ræða ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 46) Almennur fyrningarfrestur sé þrjú ár sem þýði að greiðslukröfur falli niður að liðnum þremur árum frá því að kröfuhafi átti fyrst rétt á því að krefjast greiðslu. Samkvæmt norskum stjórnvöldum myndi bráðabirgðamat ESA þýða að opinberir lánveitendur hefðu fleiri úrræði og betri rétt til að fá kröfur sínar uppgerðar en almennur lánveitendur, sem væri frávik frá venjulegum markaðsaðstæðum.

- 47) Norsk stjórnvöld halda því einnig fram að jafnvel þó að æskilegur og aðgætinn lánveitandi ætti að hafa kerfi fyrir hendi sem koma í veg fyrir að kröfur fýrnist, sé það ekki viðeigandi samanburður í þessu samhengi. Meta eigi vanrækslu sveitarfélagsins á að framfylgja kröfunni innan fyrningarfrests út frá dæmigerðum almennum lánveitanda. Fyrningarreglur séu til viðurkenningar á því að ekki allir lánveitendur, hvort sem þeir eru almennir eða opinberir aðilar, fylgi kröfum sínum tafarlaust eftir. Því geti jafnvel venjulegur almennur lánveitandi stundum látið hjá líða að fylgja kröfum eftir.

II. MAT

5 Skilyrði ríkisaðstoðar

- 48) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“
- 49) Við mat á því hvort ráðstöfun telst aðstoð í skilningi ákvæðisins verða öll eftirfarandi skilyrði því að vera uppfyllt: i) ráðstöfunin er veitt af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum, ii) fyrirtæki hefur ávinning af ráðstöfuninni, iii) hún ívilnar tilteknum fyrirtækjum (er sértæk), og iv) er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti.
- 50) ESA mun í eftirfarandi köflum leggja mat á hvort ráðstafanirnar tvær, þ.e. i) umsamið kaupverð eignarinnar sem um ræðir, og ii) vanræksla sveitarfélagsins á að framfylgja kröfunni tímanlega, feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.1 Ríkisfjármunir og rekjanleiki til ríkisins

5.1.1 Inngangur

- 51) Skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þarf ráðstöfun að vera veitt af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum svo hún teljist ríkisaðstoð. Rekjanleiki ráðstöfunar til ríkisins og veiting ávinnings með ríkisfjármunum eru tvö sjálfstæð skilyrði sem þurfa bæði að vera uppfyllt. Þessi skilyrði eru hins vegar oft metin saman þar sem bæði varða opinberan uppruna ráðstöfunarinnar sem um ræðir ⁽³⁸⁾.
- 52) Að því er varðar rekjanleika er nauðsynlegt að skoða hvort hið opinbera hafi komið að því að samþykkja ráðstöfunina ⁽³⁹⁾. Ráðstöfunin er í eðli sínu rekjanleg til ríkisins ef ávinningurinn er veittur af opinberum aðila, jafnvel þótt ríkisaðilinn sem um ræðir njóti samkvæmt lögum sjálfstæðis frá öðrum opinberum aðilum ⁽⁴⁰⁾.
- 53) Ríkisfjármunir ná yfir alla fjármuni innan opinbera geirans ⁽⁴¹⁾, m.a. þá sem tilheyra aðilum innan ríkisins sem lúta dreifstýringu, miðstýringu, svæðisbundinni stýringu, eða aðrar stofnanir. Hvað reglur ríkisaðstoðar varðar teljast fjármunir sveitarfélags því ríkisfjármunir. Hvers kyns afsal fjármuna sem sveitarfélagið hefur að öðrum kosti átt rétt á myndi því teljast afsal ríkisfjármuna.
- 54) Masserud og norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að vanræksla sveitarfélagsins á að krefjast greiðslu fyrir eignina sem um ræðir sé ekki rekjanleg til ríkisins, þar sem það hafi verið norsk fyrningarlög sem urðu til þess að aðstoðin var veitt, en ekki það að sveitarfélagið hafi með virkum hætti gefið eftir kröfuna eða sýnt af sér meðvitað athafnaleysi. Norsk stjórnvöld halda því þess vegna fram að það að krafan hafi úrelst sé bein afleiðing af fyrningarreglunum og að vanræksla á að framfylgja kröfunni sé því ekki rekjanleg til ríkisins.

5.1.2 Ríkisfjármunir

⁽³⁸⁾ Leiðbeinandi reglur ESA um hugtakið ríkisaðstoð sem vísað er til í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins (Stjtið. ESB L 342, 21.12.2017, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 82, 21.12.2017, bls. 1), mgr. 38.

⁽³⁹⁾ Dómur 3. mars 2021, *Poste Italiane*, sameinuð mál C-434/19 og C-435/19, EU:C:2021:162, mgr. 40.

⁽⁴⁰⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 39.

⁽⁴¹⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 48.

- 55) ESA telur að vanræksla sveitarfélagsins á að krefjast eða framfylgja greiðslu tímanlega hafi orðið til þess að gefin var eftir greiðsla sem Masserud átti að inna af hendi vegna kaupa á lóð í opinberri eigu. Þetta aðgerðaleysi hafði sömu áhrif og ef lóðin hefði verið yfirfærð endurgjaldslaust til Masserud, með þeim afleiðingum að sveitarfélagið varð af tekjum sem námu greiðslunni og þar af leiðandi ríkið einnig. Því er það niðurstaða ESA að vanræksla á að krefjast greiðslu frá Masserud hafi í reynd verið fjármögnuð með ríkisfjármunum.
- 56) Að sama skapi, ef það yrði niðurstaða ESA að umsamið kaupverð fyrir eignina sem um ræðir væri ekki í samræmi við markaðsskilmála, yrði það talið jafngilda eftirgjöf sveitarfélagsins á ríkisfjármunum.
- 57) Því fela báðar ráðstafanirnar, eða hið umsamda kaupverð og vanræksla sveitarfélagsins á að framfylgja kröfunni tímanlega, í sér ríkisfjármuni.

5.1.3 Rekjanleiki

- 58) Enn fremur er það niðurstaða ESA að bæði gerð sölusamningsins með umsömdu kaupverði og vanræksla sveitarfélagsins á því í kjölfarið að krefjast greiðslu þess kaupverðs sé rekjanleg til ríkisins. Ástæðan er sú að norsk stjórnvöld komu að því að samþykkja þessar ráðstafanir (sjá dómaframkvæmdina sem vísað er til í mgr. 52)).
- 59) ESA veitir því eftirtekt að samkvæmt staðfestri dómaframkvæmd er ríkisaðstoð hlutlægt hugtak. Það eru áhrif ráðstöfunarinnar á fyrirtækið sem hafa þýðingu en ekki ástæðan að baki eða markmiðið með íhlutun ríkisins⁽⁴²⁾. Ríki getur ekki aðeins veitt ávinning með viljandi athöfn heldur einnig með athafnaleysi við tiltekna aðstæður⁽⁴³⁾. Líkt og staðfest hefur verið í dómaframkvæmd getur opinber lánveitandi veitt ríkisaðstoð með því að láta hjá líða að sýna tilhlýðilega aðgát við að framfylgja kröfum gagnvart skuldara. Þetta er einkum tilfellið þar sem ríki leyfir með aðgerðaleysi sínu skuldasöfnun yfir langt tímabil án þess að minnstu líkur séu á batnandi stöðu skuldara⁽⁴⁴⁾, eða þar sem ríkið umber ítrekaða vangreiðslu skulda⁽⁴⁵⁾.
- 60) Það er niðurstaða ESA að ríki geti í raun rétttri veitt styrki óbeint með aðgerðaleysi, svo sem eins og með því að leyfa kröfum að renna út, eins og í þessu máli. Í slíkum tilvikum eru áhrif veittrar aðstoðar engu minna áþreifanleg en ef ríkið hefði veitt hana með virkum hætti.
- 61) ESA leggur áherslu á, í því sambandi, að ríkisaðstoðarreglum sé ætlað að tryggja að allar tegundir aðstoðar komi til ítarlegrar skoðunar, hvort sem um er að ræða virka eða óvirka aðstoð, til þess að koma í veg fyrir röskun á samkeppni á EES-svæðinu⁽⁴⁶⁾. Því gæti myndast afdrifarík glufa í regluverkinu ef ríki væru undanþegin ábyrgð vegna óvirkra eða óviljandi aðgerða. Við þannig aðstæður gæti ríki, sveitarfélag eða opinber aðili veitt sérstökum aðstoðarþegum ávinning með athafnaleysi eða aðgerðaleysi og þar með sniðgengið ríkisaðstoðarreglurnar. Það myndi grafa undan markmiðum eftirlits með ríkisaðstoð og gera ríki kleift að styðja tiltekna rekstraraðila án þess að slíkar ráðstafanir sæti nauðsynlegri athugun eða tilkynningarfyrirkomulagi. Afleiðingin yrði á endanum sú að veikja þær varnir sem tryggja sanngjarna samkeppni á EES-svæðinu.

5.1.4 Niðurstaða

- 62) Á grundvelli framangreinds er það niðurstaða ESA að báðar ráðstafanirnar sem eru til meðferðar, þ.e. gerð sölusamnings um eignina sem um ræðir á umsömdu kaupverði og vanræksla sveitarfélagsins á því að krefjast greiðslu þess kaupverðs í kjölfarið, séu fjármagnaðar af ríkisfjármunum þar sem afleiðingin er tekjumissir ríkisins. Enn fremur eru þessar ráðstafanir rekjanlegar með beinum hætti til ríkisins þar sem þær eru afleiðingar ákvarðana og aðgerðaleysis sveitarfélagsins.

⁽⁴²⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 67.

⁽⁴³⁾ Dómur 12. október 2000, *Spánn* gegn *framkvæmdastjórninni*, mál C-480/98, EU:C:2000:559, mgr. 19.

⁽⁴⁴⁾ Dómur 15. desember 2021, *Oltchim* gegn *framkvæmdastjórninni*, mál T-565/19, EU:T:2021:904, mgr. 253-255 og 263.

⁽⁴⁵⁾ Dómur 12. september 2007, *Olympiaki Aeroporía Ypiresies* gegn *framkvæmdastjórninni*, mál T-68/03, EU:T:2007:253, mgr. 293-294, 414, 434 og 474-475.

⁽⁴⁶⁾ Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins leggur almennt bann við ríkisaðstoð nema sérstakar undanþágur eigi við.

5.2 Sértek ráðstöfun

- 63) Ráðstöfun er sértek í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef hún ívilnar „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“. Hugtakið aðstoð nær ekki yfir allar ráðstafanir sem veita rekstraraðilum ávinning, heldur einungis þær sem veita tilteknum fyrirtækjum, flokkum fyrirtækja eða tilteknum atvinnugreinum ávinning með sértekum hætti ⁽⁴⁷⁾.
- 64) Sölusamningurinn varðar tiltekið fyrirtæki, Masserud. Enn fremur, þar sem sveitarfélagið lét hjá líða að krefjast greiðslu kaupverðsins, nýtur Masserud ívilunar umfram önnur fyrirtæki. Undir venjulegum kringumstæðum væru kaupendur eigna sveitarfélags krafðir um greiðslu kaupverðsins. Vanræksla sveitarfélagsins á að krefjast kaupverðsins innan fyrningarfrests leiðir því til hagræðis fyrir Masserud umfram aðra rekstraraðila í sambærilegri stöðu.
- 65) Því er það niðurstaða ESA að báðar ráðstafanirnar sem eru til meðferðar séu í þágu eins fyrirtækis, Masserud, og þar með séu þær sértekar.

5.3 Fyrirtæki hlotnast ávinningur

5.3.1 Inngangur

- 66) Ávinningur, í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, er efnahagslegur ávinningur sem fyrirtæki hefur ekki hlotið við venjulegar markaðsaðstæður, það er að segja, ef ekki hefði verið fyrir íhlutun af hálfu ríkisins ⁽⁴⁸⁾. Eins og áður er getið hafa áhrif ráðstöfunar á fyrirtækið einungis þýðingu, ekki ástæðan að baki eða markmiðið með íhlutun ríkisins ⁽⁴⁹⁾.
- 67) Aðilinn sem nýtur góðs af báðum ráðstöfununum sem eru til meðferðar er Masserud. Masserud sinnir atvinnustarfsemi, eða þróun og sölu fasteigna. Því er um að ræða fyrirtæki.
- 68) Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var það bráðabirgðaniðurstaða ESA að ráðstöfunin virtist til þess fallin að veita Masserud ávinning. ESA taldi að ávinningurinn kynni að hafa verið tvíþættur, og yði mögulega rakinn til: i) kaupverðs undir markaðsvirði, og ii) vangreiðslu kaupverðsins (þar sem sveitarfélagið framfylgdi ekki kröfunni). ESA mun, í samræmi við það, fyrst fjalla um hvort kaupverðið hafi verið í samræmi við markaðsskilmála eða hvort það hafi sem slíkt falið í sér ávinning í þágu Masserud, og í öðru lagi, hvort Masserud hafi hlotið ávinning af vangreiðslu kaupverðsins.

5.3.2 Kaupverð

- 69) Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn hafði ESA uppi efasemdir sem lutu að því að kaupverðið kynni að hafa verið undir markaðsverði og því falið í sér ávinning í þágu Masserud ⁽⁵⁰⁾.
- 70) ESA veitir því eftirtekt að bæði sveitarfélagið og Masserud halda því fram að sölusamningurinn hafi verið á markaðslegum forsendum. Enn fremur, út frá þeim upplýsingum sem Masserud og sveitarfélagið veittu, er enginn ágreiningur milli aðila í tengslum við fjárhæð kaupverðsins.
- 71) ESA getur þess að viðskipti opinberra aðila hafi ekki í för með sér ávinning fyrir gagnaðila og teljist því ekki aðstoð ef þau eru gerð í samræmi við venjulegar markaðsaðstæður ⁽⁵¹⁾. Til þess að leggja mat á þetta hafa dómstólar á EES-svæðinu þróað hugtak sem nefnt er „markaðs-aðilareglan“.

⁽⁴⁷⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 117.

⁽⁴⁸⁾ Dómur 11. júlí 1996, *Syndicat français de l'Express international (SFEI) o.fl. gegn La Poste o.fl.*, mál C-39/94, EU:C:1996:285, mgr. 60; dómur 29. apríl 1999, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-342/96, EU:C:1999:210, mgr. 41; dómur 16. maí 2002, *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni (Stardust Marine)*, mál C-482/99, EU:C:2002:294, mgr. 69.

⁽⁴⁹⁾ Dómur 2. júlí 1974, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál 173/73, EU:C:1974:71, mgr. 13. Sjá einnig Leiðbeiningar um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 67, og dóm 12. október 2000, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-480/98, EU:C:2000:559, mgr. 16, og dómaframkvæmd sem vísað er til.

⁽⁵⁰⁾ Sjá 41. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁵¹⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 74.

- 72) Lykilþáttur í markaðsaðilaregluviðmiðinu er það hvort opinberir aðilar hafi hagað sér á sama hátt og markaðsaðili hefði gert við svipaðar aðstæður. Meta verður fyrirfram hvort íhlutun af hálfu ríkis sé í samræmi við aðstæður í markaðskerfi, að teknu tilliti til upplýsinga sem voru tiltækar á þeim tíma þegar íhlutunin var ákveðin ⁽⁵²⁾.
- 73) Samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd er hægt að nota ýmsar aðferðir til þess að ákvarða markaðsverð, m.a. þá að selja hæstbjóðanda eða afla sérfræðiskýrslu. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að aðrar aðferðir leiði til sömu útkomu ⁽⁵³⁾. Þar að auki verður matið, ef það er gert eftirá, að endurspegla markaðsvirði lóðarinnar á þeim tíma sem viðskiptin fara fram ⁽⁵⁴⁾.
- 74) Við matið verður ESA að ákvarða hvort ætlaður aðstoðarþegi hefði getað hlotið sambærilegan ávinning frá varfærum og aðgætnum einkaaðila við venjulegar markaðsaðstæður. Geti ESA ekki sýnt fram á að viðtakandinn hefði bersýnilega ekki getað hlotið slíkan ávinning, verður eftirlitsstofnunin að álykta að viðskiptin hafi verið gerð í samræmi við markaðsskilmála ⁽⁵⁵⁾. Enn fremur, getur ESA eingöngu komist að þeirri niðurstöðu að ávinningur hafi verið veittur ef eftirlitsstofnunin getur sýnt fram á, á grundvelli þessa mats, að viðtakandinn hefði bersýnilega ekki hlotið sambærilegan ávinning frá varfærum og aðgætnum einkaaðila við aðstæður sem eru eins líkar og hægt er og sem aðhefst við venjulegar markaðsaðstæður ⁽⁵⁶⁾.
- 75) Í þessu máli er það ESA að framkvæma heildarmat, að teknu tilliti til allra viðeigandi gagna í málinu sem gerir eftirlitsstofnuninni kleift að ákvarða hvort Masserud hefði bersýnilega ekki getað fengið svipað verð fyrir lóðina frá sambærilegum einkaaðila ⁽⁵⁷⁾.
- 76) ESA lætur þess getið að óháður sérfræðingur hafi ekki gert mat á eigninni áður en aðilarnir gerðu samkomulag um söluna. Hins vegar hafi verið samið um verðið, samkvæmt Masserud og sveitarfélaginu, á grundvelli annarra viðskipta á markaðinum og upplýsinga frá fasteignasölum; sjá mgr. 10).
- 77) Eins og getið er að framan í mgr. 73), var ekkert sem kom í veg fyrir að sveitarfélagið byggði verðið á samanburði við sambærileg eignaviðskipti, að því tilskildu að unnt væri að reikna markaðsvirði viðkomandi eignar ⁽⁵⁸⁾.
- 78) Enn fremur getur ESA þess að sveitarfélagið hafi lagt fram tölfræðigögn eftirá um raunverulegt eignaverð í sveitarfélaginu Lørenskog á þeim tíma sem samningaviðræður og gerð samnings við Masserud stóð yfir; sjá mgr. 30) til 31). Samkvæmt þessum upplýsingum sem sveitarfélagið veitti, var markaðsverð eignarinnar sem um ræðir NOK 3 200 á hvern fermetra af BRA, jafnframt því sem verðið sem sveitarfélagið setti upp var NOK [3 200 – 3 600] á hvern fermetra af BRA.
- 79) ESA telur að framlögð gögn styðji fullyrðingar sveitarfélagsins og Masserud um að söluverðið hafi verið í samræmi við markaðsvirði lóðarinnar á þeim tíma þegar viðskiptin fóru fram.
- 80) Í ljósi framangreinds er það niðurstaða ESA að fyrirbyggjandi gögn sýni ekki fram á að varfærinn og aðgættinn einkaaðili, virkur við venjulegar markaðsaðstæður, hefði ekki gert sölusamning sem sambærilegur var þeim sem sveitarfélagið gerði, í sambærilegri stöðu. Þar sem ESA getur ekki sýnt fram á að sölusamningurinn milli sveitarfélagsins og Masserud hafi bersýnilega veitt Masserud ávinning, verður ESA að telja að sölusamningurinn hafi verið í samræmi við markaðsskilmála.

⁽⁵²⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 78.

⁽⁵³⁾ Dómur 19. október 2023, *TS og HI gegn Ministar na zemedelieto, hranite i gorite*, mál C-325/22, EU:C:2023:793, mgr. 53.

⁽⁵⁴⁾ Sama heimild, mgr. 52.

⁽⁵⁵⁾ Dómur 17. nóvember 2022, *Volotea og easyJet Airline gegn framkvæmdastjórninni*, sameinuð mál C-331/20 P and C-343/20 P, EU:C:2022:886, mgr. 113. Sjá einnig dóm EFTA-dómstólsins 21. mars 2024, *Eviny gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, mál E-10/22, mgr. 61 og 64.

⁽⁵⁶⁾ Sama heimild.

⁽⁵⁷⁾ Dómur 26. mars 2020, *Larko gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-244/18 P, EU:C:2020:238, mgr. 29, og dómaframkvæmd sem þar er nefnd.

⁽⁵⁸⁾ Dómur 19. október 2023, *TS og HI gegn Ministar na zemedelieto, hranite i gorite*, mál C-325/22, EU:C:2023:793, mgr. 56.

- 81) Því er það niðurstaða ESA að umsamið kaupverð um eignina sem um ræðir sem var hluti af sölusamningnum hafi ekki bersýnilega veitt Masserud ávinning.

5.3.3 *Kröfu ekki framfylgt*

- 82) Eins og segir að framan í mgr. 66), gera ríkisaðstoðarreglur ekki greinarmun á ráðstöfunum vegna íhlutunar ríkisins með vísan til ástæðnanna þar að baki eða markmiða þeirra heldur eru þær skilgreindar úr frá þeim áhrifum sem þær hafa. Því geta ráðstafanir, jafnvel þótt þær leiði af norskum fyrningarlögum, í raun rétttri veitt ávinning, þar sem þær leiða til þess að viðkomandi fyrirtæki er leyst undan greiðslu sem alla jafna hefði verið krafist að það innti af hendi.
- 83) ESA telur að Masserud hafi hlotnast viðbótar lausafé sem að fjárhæð nemur NOK 7 709 058. Var það afleiðingin af því að Masserud var losað undan þeirri skyldu að greiða umsamið kaupverð, og eignaðist þar með í raun rétttri eignina sem um ræðir endurgjaldslaust. Augljóst er að Masserud hefði ekki verið í aðstöðu til þess að eiga sambærileg viðskipti við venjulegar markaðsaðstæður.
- 84) Því er það niðurstaða ESA að vanræksla sveitarfélagsins á því að framfylgja kröfunni tímanlega hafi veitt Masserud efnahagslegan ávinning sem það hefði bersýnilega ekki hlotið við venjulegar markaðsaðstæður.
- 85) Bæði Masserud og norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að líkja verði sveitarfélaginu við „venjulegan almennan lánveitanda“ sem kann að vera að láti stundum hjá líða að fylgja eftir kröfum.
- 86) ESA telur í þessu sambandi að, hvað opinberum skuldum sem ekki eru endurheimtar viðvíkur, verði að bera ráðstafanir opinberra aðila við ráðstafanir almenns lánveitanda sem leitast við að fá greidda fjármuni sem hann á útistandandi hjá skuldara. Dómsstólar EES hafa þróað „almenna lánveitandaprófið“ þar sem háttsemi opinbers lánveitanda er borin saman við hugsanlegan almennan lánveitanda við svipaðar aðstæður⁽⁵⁹⁾. Almenna lánveitandaprófinu er oft beitt til að meta háttsemi opinbers aðila gagnvart skuldara sem á í fjárhagslegum erfiðleikum en ESA telur að prófið hafi þýðingu varðandi skuldara almennt.
- 87) ESA getur þess að almenna lánveitandaprófið feli í sér mat sem byggist á öllum upplýsingum sem eru til þess fallnar að hafa umtalsverð áhrif á ákvarðanatöku venjulegs varfærins og aðgætins almenns lánveitanda, sem er í aðstæðum sem eru eins nálægt aðstæðum opinbers lánveitanda og hægt er og leitast við að endurheimta fjármuni sem hann á útistandandi hjá skuldara⁽⁶⁰⁾.
- 88) Þess væri vænst að varfærinn og aðgætinn almennur lánveitandi í aðstæðum sem eru sambærilegar við aðstæður sveitarfélagsins myndi framfylgja greiðslukröfu sinni tímanlega. Lykilþáttur við beitingu almenna lánveitandaprófsins er hvort ráðstöfunin sem um ræðir geti talist skynsamleg á efnahagslegan mælikvarða þannig að almennur lánveitandi sem leitast við að hámarka líkur sínar á að endurheimta útistandandi kröfu, eða a.m.k. kröfuna að stærstum hluta, myndi einnig samþykka að gera slíka ráðstöfun⁽⁶¹⁾. Nánar tiltekið, þar sem opinber aðili lætur hjá líða að sýna tilhlýðilega aðgætni við að framfylgja kröfum sínum gagnvart skuldara, til dæmis með því að leyfa skuldum að safnast upp yfir langt tímabil án þess að minnstu líkur séu á batnandi stöðu eða með því að umbera ítrekaða vangreiðslu skulda, samræmist slík háttsemi ekki hegðun varfærins og aðgætins almenns lánveitanda (sjá mgr. 59) að framan).
- 89) Með vísan til þessa telur ESA að vanræksla á því að framfylgja kröfu að fjárhæð NOK 7 709 058 á nokkurra ára tímabili sé ekki háttsemi sem búast megi við af varfærunum og aðgætnum almennum lánveitanda. Sveitarfélagið hefur ekki lagt fram neinar upplýsingar sem skýra aðgerðaleyfi þess gagnvart kröfunni eða tafir á viðbrögðum. Því getur ESA ekki komist að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið hafi hagað sér eins og varfærinn og aðgætinn lánveitandi sem er sambærilegur almennum lánveitanda.
- 90) ESA veitir athygli þeim rökum Masserud og norskra stjórnvalda að það að opinber aðili viðurkenni fyrnda kröfu sem ríkisaðstoð víki frá venjulegum markaðsaðstæðum, þar sem með því væri opinberum aðilum veittur ósanngjarn ávinningur fram yfir einkaaðila. Hins vegar telur ESA að rökstuðningurinn dragi upp ranga mynd af EES-ríkisaðstoðarreglunum. Niðurstaða um

⁽⁵⁹⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 74.

⁽⁶⁰⁾ Dómur 24. janúar 2013, *Frucona Košice* gegn *framkvæmdastjórninni*, mál C-73/11 P, EU:C:2013:32, mgr. 78, og dómur 21. mars 2013, *framkvæmdastjórnin* gegn *Buczek Automotive*, mál C-405/11 P, EU:C:2013:186, mgr. 54.

⁽⁶¹⁾ Dómur 13. desember 2018, *AlzChem* gegn *framkvæmdastjórninni*, mál T-284/15, EU:T:2018:950, mgr. 63.

ríkisaðstoð veltur á því að öll skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins séu uppfyllt. Ef það er tilfellið og ráðstöfun er ekki talin samrýmast framkvæmd EES-samningsins, er skyldan til þess að endurheimta ólöglega aðstoð sem samrýmist ekki samningnum leidd beint af reglum EES-réttar, óháð innlendum reglum um ógildingu, málshöfðunarfrest, eða fyrningartímabil ⁽⁶²⁾.

- 91) Því felur niðurstaða um að ríkisaðstoð sé til staðar sem komin er til vegna ávinnings sem hlýst af aðgerðaleysi ríkisins, eða með að því að fyrirliggjandi krafa verður óframfylgjanleg þar sem fyrningarfrestur er liðinn, ekki í sér sérstök lagaleg forréttindi fyrir opinbera aðila. Öllu heldur endurspeglar hún þær skyldur sem leiðir beint af ríkisaðstoðarreglum EES og því hlutverki þeirra að varðveita heilleika innri markaðarins. Að lýsa slíkri niðurstöðu þannig að með því sé opinberum aðilum færð betri úrræði er mistúlkun á eðli þeirrar lagalegu skyldu sem lögð er á samkvæmt EES-samningnum.
- 92) Á grundvelli þess sem að framan greinir telur ESA að vanræksla sveitarfélagsins á að krefjast greiðslu tímanlega fyrir eignina sem um ræðir og láta hana þar með af hendi endurgjaldslaust feli í sér ávinning í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.4 Áhrif á viðskipti og röskun á samkeppni

5.4.1 Yfirlit

- 93) Opinber stuðningur við fyrirtæki er bannaður skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins en þó aðeins að með honum sé hætta á röskun á samkeppni og að hann hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

5.4.2 Samkeppnisröskun

- 94) Að því er varðar röskun á samkeppni ber þess að geta að aðstoð sem ætlað er að leysa fyrirtæki undan kostnaði sem það myndi almennt bera í daglegum rekstri eða venjulegri starfsemi er jafnan til þess fallin að raska samkeppni ⁽⁶³⁾. Enn fremur er röskun á samkeppni almennt talin vera fyrir hendi þegar ríkið veitir fyrirtæki fjárhagslegan ávinning á frjálsum markaði þar sem samkeppni er, eða gæti verið, fyrir hendi ⁽⁶⁴⁾.
- 95) ESA getur þess að fasteignamarkaðurinn í Noregi er frjáls. Nokkur fasteignaþróunarfyrirtæki eru virk á markaðinum fyrir þróun íbúðabygginga í Noregi, einnig í Lørenskog. Samkvæmt upplýsingum sem sveitarfélagið veitti eru sum fasteignaþróunarfyrirtækin sem eru með starfsemi í Lørenskog einnig í eigu erlendra fjárfesta; sjá mgr. 20) og 21).
- 96) ESA veitir því enn fremur eftirtekt að Lørenskog er vaxandi sveitarfélag og fasteignaðróun umtalsverð. Því er möguleg innkoma erlendra fjárfesta á fasteignafjárfestingamarkað í stækkandi sveitarfélagi nálægt höfuðborginni ekki útilokuð. Ráðstöfunin er þess vegna til þess fallin að raska samkeppni.

5.4.3 Áhrif á viðskipti innan EES

- 97) Hvað þetta varðar hafa EES-dómstólarnir úrskurðað að „þar sem ríkisaðstoð styrkir stöðu fyrirtækis borið saman við önnur fyrirtæki í samkeppni um viðskipti innan [EES] verður að líta svo á aðstoðin hafi áhrif á síðarnefndu fyrirtækin“ ⁽⁶⁵⁾.

⁽⁶²⁾ Dómur EFTA-dómstólsins 10. maí 2011, *Furstadaemið Liechtenstein o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, sameinuð mál E-4/10, E-6/10 og E-7/10, mgr. 141.

⁽⁶³⁾ Dómur 30. apríl 2019, *Union des Ports de France gegn framkvæmdastjórninni („Union des ports de France“)*, mál T-747/17, EU:T:2019:271, mgr. 96.

⁽⁶⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð mgr. 187.

⁽⁶⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 190, og dómur 14. janúar 2015, *Eventech gegn The Parking Adjudicator*, mál C-518/13, EU:C:2015:9, mgr. 66; dómur 8. maí 2013, *Libert o.fl. gegn Gouvernement flamand*, sameinuð mál C-197/11 og C-203/11, EU:C:2013:288, mgr. 77; dómur 4. apríl 2001, *Friulia Venezia Giulia*, mál T-288/97, EU:T:2001:115, mgr. 41.

- 98) Hægt er að líta svo á að opinber stuðningur sé til þess fallinn að geta haft áhrif á viðskipti innan EES jafnvel þótt viðtakandinn eigi ekki beina aðkomu að viðskiptum yfir landamæri. Styrkur getur t.d. gert rekstraraðilum í öðrum EES-ríkjum erfiðara að komast inn á markaðinn með því að viðhalda eða auka staðarframboð ⁽⁶⁶⁾, eða að neyta staðfesturéttar.
- 99) Fyrir liggur samkvæmt staðfestri dómaframkvæmd að ESA þarf ekki að gera efnahagslega greiningu á raunverulegum aðstæðum á viðkomandi mörkuðum, eða rannsaka í þaula áhrif ráðstöfunarinnar á samkeppnisstöðu viðtakandans og þeirra sem eiga í samkeppni við hann ⁽⁶⁷⁾. Samt sem áður mega líkurnar á áhrif á viðskipti innan EES ekki einungis vera tilgáta eða ætlaðar líkur. Sýna verður fram á hvers vegna ráðstöfunin raskar eða veldur hættu á röskun á samkeppni og er til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, á grundvelli fyrirséðra áhrifa af ráðstöfununum ⁽⁶⁸⁾.
- 100) Enn fremur eru engin viðmiðunarmörk eða hlutfall sem fara þarf undir svo telja megja að ekki séu áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Hlutfallslega lítil aðstoð eða hlutfallslega lítil stærð fyrirtækis sem hlýtur hana útilokar ekki út af fyrir sig möguleikann á að viðskipti milli samningsaðilanna verði fyrir áhrifum ⁽⁶⁹⁾.
- 101) ESA getur þess að áhrif á viðskipti geti ekki einungis byggst á tilgátu um eða ætluð áhrif. Hins vegar þarf ESA ekki að gera efnahagslega greiningu á raunverulegum aðstæðum á viðkomandi mörkuðum, á markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem eru viðtakendur aðstoðar, stöðu fyrirtækja sem eru í samkeppni eða flæði viðskipta milli samningsaðilanna ⁽⁷⁰⁾. Hins vegar þarf að sýna fram á hvers vegna ráðstöfun er til þess fallin að hafa meira en örlítill áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, á grundvelli fyrirsjáanlegra áhrifa ráðstöfunarinnar á þeim tíma þegar hún var gerð ⁽⁷¹⁾.
- 102) Í þessu sambandi hafa ESA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“) talið í fjölda ákvarðana að tiltekin starfsemi og ráðstafanir hafi, í ljósi sérstakra aðstæðna, einungis haft staðbundin áhrif og þar af leiðandi engin áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna ⁽⁷²⁾. Í þessum málum var það einkum niðurstaða ESA og framkvæmdastjórnarinnar: i) að viðtakandinn hafi veitt þjónustu á takmörkuðu svæði í EES-ríki og ólíklegt væri að hann laðaði að viðskiptavinum frá öðrum EES-ríkjum, og ii) að ekki væri fyrirséð að ráðstöfunin hefði meira en hverfandi lítil áhrif á aðstæður fyrir fjárfestingar yfir landamæri eða staðfestu fyrirtækja ⁽⁷³⁾. Talið er að ráðstöfun sé ekki til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti innan EES ef þessi tvö viðmið eru uppfyllt.
- 103) ESA getur þess að Masserud haldi því fram að fyrirtækið sé rekið í sérstökum tilgangi og hafi einungis annast þróun íbúðabyggingarinnar Masserud Gaard, í sveitarfélaginu Lørenskog. Þar sem starfsemi fyrirtækisins takmarkist við eitt verkefni, sem þar að auki sé lítið að umfangi (66 íbúðir og 26 raðhús), haldi Masserud því fram að það hafi enga umtalsverða staðbundna markaðshlutdeild og einungis örlitla viðveru á svæðinu eða landsvísu.

⁽⁶⁶⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 191. Sjá einnig *Union des ports de France*, mgr. 93. Sjá einnig dóm 8. maí 2013, *Libert o.fl. gegn Gouvernement flamand*, sameinuð mál C-197/11 og C-203/11, EU:C:2013:288, mgr. 70-72 og 78-79 (í máli sem varðar styrki veitta rekstraraðilum í fasteignageiranum).

⁽⁶⁷⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 194.

⁽⁶⁸⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 195.

⁽⁶⁹⁾ *Union des ports de France*, mgr. 94. Sjá einnig dóm 3. mars 2005, *Heiser*, mál C-172/03, EU:C:2005:130, mgr. 32-33 og 35 (varðandi leiðréttingu á skattafrádrætti í þágu heilbrigðisstarfsmanna sem sérhæfa sig í tannlækningum).

⁽⁷⁰⁾ Dómur 15. júní 2010, *Mediaset gegn framkvæmdastjórninni*, mál T-177/07, EU:T:2010:233, mgr. 145-146, staðfest í framhaldi af áfrýjun með dómi 28. júlí 2011, *Mediaset gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-403/10 P, EU:C:2011:533.

⁽⁷¹⁾ Dómur 14. maí 2019, *Marinvest og Porting gegn framkvæmdastjórninni*, mál T-728/17, EU:T:2019:325, mgr. 106; og dómur 19. október 2022, *Interessengemeinschaft der Hoteliers und Gastronomen Region 10 e. V. (Ighoga Region 10)*, mál T-582/20, EU:T:2022:648, mgr. 143 og 169/170.

⁽⁷²⁾ Ákvörðun ESA nr. 459/12/COL, *Bømlabadet Bygg AS*, mgr. 31 og 48; ákvörðun ESA nr. 020/19/COL, *Leangbukten Båtförenings Andelslag*, mgr. 29 og 41. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar N 258/2000, *Leisure Pool Dorsten*, Stjtið. ESB C 172, 16.6.2001, bls. 16; N 458/2004 *Editorial Andaluza Holding*, Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005, bls. 12; SA.33243, *Jornal de Madeira*, Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005, bls. 12, og SA.34576, *Portugal – Jean Piaget North-east Continuing Care Unit*, Stjtið. ESB C 73, 13.3.2013, bls. 1.

⁽⁷³⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, mgr. 196.

- 104) Í þessu sambandi veitir ESA því eftirtekt að, eins og getið er í mgr. 100) að framan, útilokar hvorki hlutfallslega lítið umfang aðstoðar né hlutfallslega lítil stærð fyrirtækis sem veitir henni viðtöku út af fyrir sig þann möguleika að áhrif verði á viðskipti milli samningsaðilanna.
- 105) Enn fremur minnir ESA á að Masserud er að fullu í eigu fasteignafyrirtækisins Olavsgaard Gruppen AS. Eins og getið er í mgr. 15) að framan, er Olavsgaard Gruppen AS eigandi u.þ.b. 43 000 m² af eignum undir atvinnustarfsemi sem staðsettar eru í Akershus-fylki, m.a. atvinnuhúsnæðis (Olavsgaard Hotel og Losby Gods), skrifstofa, fyrirtækis og íbúða. Umtalsverður fjöldi fjárfestinga af hálfu fasteignafyrirtækisins bendir til að Olavsgaard Gruppen AS hafi fest sig í sessi á markaði í Akershus-fylki.
- 106) Hverju þróunarverkefni Olavsgaard Gruppen AS er stýrt í gegnum eina aðskilda rekstrareiningu í sérstökum tilgangi, þar sem Masserud er sjálfstæður lögaðili í því skyni að annast þróun eins verkefnis, Masserud Gaard; sjá mgr. 16). ESA getur þess einnig að eigendur Masserud tóku þátt í viðræðum og fundum með sveitarfélaginu þegar Masserud lýsti yfir að greiðslukrafan vegna eignarinnar sem um ræðir væri úrelt. Á þessum fundum vöktu eigendur Masserud einnig máls á óleystum málum tengdum öðrum verkefnum sem samstæðan annast 14). Þessi samskipti benda til þess að Masserud sé hluti af stærra skipuriti Olavsgaard Gruppen AS, sem hefur umtalsverða markaðsviðveru í grein þar sem samkeppni er til staðar ⁽⁷⁴⁾.
- 107) Auk þess telur ESA að jafnvel þótt Masserud veiti þjónustu á takmörkuðu svæði í Noregi (þ.e. Akershus-fylki), starfi það á markaði sem mögulegt er að laði til sín erlenda viðskiptavini. ESA getur þess að fasteignamarkaðurinn í Osló og á nærliggjandi svæðum sé mjög virkur, með fjölda viðskipta, sem einkum var tilfellið á þeim tíma þegar viðskiptin voru gerð. Eins og sveitarfélagið útskýrði var á árunum 2015 og 2021 aukning á fjárfestingahreyfingum á þessu svæði, einkum í stöðugu atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði; sjá mgr. 22).
- 108) Þetta bendir enn frekar til þess að aukin eftirspurn hafi verið á svæðum á borð við Lørenskog, fimmta stærsta sveitarfélaginu á Oslóar-svæðinu, þar sem hefur verið stöðug fólksfjölgun (sjá undirkafla 2.3). Að mati ESA var þessi eftirspurn líklega ekki aðeins knúin af íbúum staðarins heldur einnig fyrirtækjum sem leituðu eftir því að fjárfesta í eða flytja starfsemi til Lørenskog.
- 109) Í ljósi aðráttarfls fasteignamarkaðarins í Lørenskog, sem er í nálægð við Osló og helsta flugvöll Noregs, telur ESA líklegt að Masserud kunni að laða til sín viðskiptavini frá öðrum EES-riðjum líka.
- 110) Að því er varðar áhrif á aðstæður fyrir fjárfestingar yfir landamæri eða staðfestu, veitir ESA því eftirtekt að Masserud fæst við þróun og starfrækslu bæði atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis. ESA getur þess að Masserud er alfarið í eigu fasteignafyrirtækisins Olavsgaard Gruppen AS, sem hefur fest sig í sessi á markaði sem eigandi u.þ.b. 43 000 m² atvinnuhúsnæðis í Akershus-sýslu.
- 111) Gagnstætt málum þar sem framkvæmdastjórnin og ESA hafa komist að þeirri niðurstöðu að engin áhrif hafi orðið á viðskipti telur ESA að Masserud hafi fest sig í sessi á markaði og njóti stöðu sem ekki teljist óveruleg.
- 112) Í því sambandi veitir ESA því einnig eftirtekt að alþjóðlegar fjárfestingar og eignarhald er fyrir hendi á norska fasteignamarkaðinum. Er þetta einkum tilfellið í Osló og á nærliggjandi svæðum, þ.m.t. Akershus. Enn fremur eru önnur þróunarfélög með erlent eignarhald, samkvæmt tölfræðigögnum frá sveitarfélaginu, með starfsemi á sama markaði og Masserud; sjá mgr. 21) að framan. Ráðstöfunin hefur því fært Masserud efnahagslegan ávinning, sem gæti aukið markaðsviðveru þess, mögulegum erlendum fjárfestum í óhag.
- 113) Með tilliti til þess sem að framan greinir er það niðurstaða ESA að ráðstöfunin myndi hafa meira en óveruleg áhrif á aðstæður til fjárfestinga yfir landamæri eða staðfestu.
- 114) Því er það niðurstaða ESA að eignayfirlæslan sem um ræðir hafi meira en óveruleg áhrif á fjárfestingar yfir landamæri og staðfestu og hafi þar með áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

⁽⁷⁴⁾ Dómur 12. september 2007, *framkvæmdastjórnin* gegn *Ítalíu*, sameinuð mál T-239/04 og T-323/04, EU:T:2007:260, mgr. 68.

5.5 Niðurstaða

- 115) Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða ESA að ríkisaðstoð að fjárhæð NOK 7 709 058 hafi falist í eignasöðlunni til Masserud. Einkum er það niðurstaða ESA að jafnvel þótt gerð sölusamnings vegna eignarinnar sem um ræðir fyrir umsamið kaupverð feli ekki í sér ríkisaðstoð, feli vanræksla sveitarfélagsins á því í kjölfarið að framfylgja kröfu sinni samkvæmt þeim samningi í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins.

6 Málsmeðferðarreglur

- 116) Í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól segir: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. ... Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.
- 117) Norsk stjórnvöld létu hjá líða að tilkynna ESA um ráðstöfunina og uppfylltu því ekki skyldur sínar skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 SED. Aðstoðin er því ólögmæt skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 SED.

7 Samrýmanleiki aðstoðarinnar

- 118) Það leiðir af 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins að ef ekki er kveðið á um annað samrýmist ríkisaðstoðarráðstafanir ekki framkvæmd EES-samningsins. Norsk stjórnvöld hafa ekki fært fram nokkrar röksemdir þess efnis að ráðstafanirnar sem um ræðir feli í sér samrýmanlega aðstoð.
- 119) Undanþágunni skv. 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður ekki beitt þar sem aðstoðin er ekki í þágu markmiðanna sem ákvæðið tilgreinir. Ákvæði a- og b-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins gilda ekki í málinu sem um ræðir, af sömu ástæðu.
- 120) Að því er varðar c-lið 3. mgr. 61. gr. getur ESA þess að ráðstöfunin sem talin er fela í sér ríkisaðstoð í undirkafla 5 að framan varðar yfirfærslu opinberrar eignar endurgjaldslaust. Hins vegar virðist ekki sem að greiðslunni hafi verið ætlað að örva atvinnustarfsemi af nokkru tagi. Af staðfestri dómaframkvæmd leiðir að aðstoð sem bætir fjárhagsstöðu viðtakanda, án þess að hún sé nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, getur ekki talist samrýmast EES-samningnum ⁽⁷⁵⁾. Þar sem yfirfærsla eignarinnar var ekki nauðsynleg til þess að hvetja til tiltekinnar atvinnustarfsemi, af hvaða tagi sem er, samrýmist hún ekki c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 121) Hvað varðar undanþáguna í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins veitir ESA því eftirtekt að ekki hvíla almannþjónustukvaðir á Masserud að því er varðar þjónustuna sem um ræðir. Þar sem greiðslan er ekki látin af hendi í þágu fyrirtækis sem falið hefur verið að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu verður undanþágunni í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins ekki beitt.
- 122) Á grundvelli þessara sjónarmiða er það niðurstaða ESA að ekki sé unnt að lýsa sölu sveitarfélagsins á eigninni sem um ræðir án þess að kaupverðsins sé krafist tímanlega sem samrýmanlegri framkvæmd EES-samningsins.

8 Niðurstaða

- 123) Á grundvelli framangreinds mats er það niðurstaða ESA að norsk stjórnvöld hafi með ólögmætum hætti framkvæmt aðstöðina sem um ræðir, og þar með brotið gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 SED Aðstoðin samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins.

⁽⁷⁵⁾ Dómur 15. apríl 2008, *Nuova Agricast Srl* gegn *Ministero delle Attività Produttive*, mál C-390/06, EU:C:2008:224, mgr. 68. mgr. og dómaframkvæmd sem vísað er til.

9 Endurheimt

- 124) EFTA-dómstóllinn hefur úrskurðað að skyldan til þess að fella niður ósamrýmanlega aðstoð sé hugsuð til þess að koma aftur á fyrra ástandi ⁽⁷⁶⁾. Því markmiði er náð um leið og viðtakandinn hefur endurgreitt fjárhæðir sem voru veittar með ólögsmætri og ósamrýmanlegri aðstoð, og þar með misst ávinninginn sem hann naut umfram þá sem hann á í samkeppni við ⁽⁷⁷⁾.
- 125) II. hluti bókunar 3 SED hefur að geyma ítarlegar reglur um endurheimt. Í samræmi við dómaframkvæmd kveður 14. gr. hennar á um skyldu ESA til að mæla fyrir um endurheimt ólöglegar og ósamrýmanlegrar aðstoðar nema það stríði gegn meginreglu í EES-lögum. Þar er einnig kveðið á um að ríkið sem um ræðir skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta ólögsmæta ríkisaðstoð sem hefur verið talin ósamrýmanleg.
- 126) ESA telur að engar meginreglur standi í vegi fyrir endurgreiðslu í málinu sem um ræðir. Samkvæmt staðfestri dómaframkvæmd er afnám ólögsmætrar aðstoðar með endurheimt rökrétt afleiðing þeirrar niðurstöðu að aðstoðin sé ekki lögsmæt. Af því leiðir að ekki er hægt að líta svo á að endurheimt ríkisaðstoðar sem veitt hefur verið með ólögsmætum hætti, í þeim tilgangi að koma á fyrra ástandi, geti ekki að jafnaði talist óhófleg í ljósi markmiða EES-samningsins varðandi ríkisaðstoð.
- 127) Almennt myndi ESA ekki, og þá aðeins í undantekningartilvikum, teljast fara út fyrir fara út fyrir heimildir sínar þegar það krefur viðkomandi EFTA-ríki um endurheimt á þeim fjárhæðum sem hafa verið veittar með ólögsmætri aðstoð þar sem eftirlitsstofnunin er einungis að koma á fyrra ástandi ⁽⁷⁸⁾. Enn fremur, í ljósi lögbundins eftirlits ESA með ríkisaðstoð skv. bókun 3 SED, geta fyrirtæki sem hafa hlotið aðstoð, ekki almennt séð haft lögsmætar væntingar um að aðstoðin sé lögleg nema málsmeðferð sem kveðið er á um í ákvæðum bókunarinnar hafi verið fylgt við veitingu hennar ⁽⁷⁹⁾. Ekki eru bersýnilegar sérstakar aðstæður í þessu máli sem gætu hafa leitt til lögsmætra væntinga af hálfu aðstoðarþegans.
- 128) ESA getur þess að skv. 15. gr. II. hluta bókunar 3 SED gildir tíu ára fyrningarfrestur um heimildir eftirlitsstofnunarinnar til þess að endurheimta aðstoð. Þó að innlendar fyrningarreglur gildi almennt þegar innlend stjórnvöld endurheimta ólögsmæta aðstoð að eigin frumkvæði ⁽⁸⁰⁾, kemur það ekki í veg fyrir að aðstoðin verði endurheimt síðar samkvæmt ákvörðun sem ESA hefur samþykkt. Samkvæmt þessu getur ESA samt sem áður, jafnvel þó að innlendir fyrningarfrestur hafi liðið í þessu máli, athugað lögsmæti ráðstöfunarinnar og mælt fyrir um endurheimt, innan tíu ára fyrningarfrestsins sem kveðið er á um í 15. gr. II. hluta bókunar 3 SED ⁽⁸¹⁾.
- 129) ESA getur þess einnig að skv. 2. mgr. 15. gr. II. hluta bókunar 3 SED rofnar fyrningarfresturinn við hvaða aðgerð sem ESA grípur til að því er varðar ólögsmætu aðstöðina. Í þessu sambandi veitir ESA því eftirtekt að eftirlitsstofnunin framsendi kvörtunina til norskra stjórnvalda svo þau gætu lagt fram athugasemdir hinn 7. september 2022 og rauf þar með fyrningarfrestinn í raun rétttri. Af því leiðir að fyrningarfresturinn er ekki liðinn í þessu máli, og ESA hefur áfram heimild til þess að mæla fyrir um endurheimt ólöglegu aðstoðarinnar.
- 130) Skv. 2. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 SED skal hin endurheimtanlega aðstoð fela í sér vexti sem reiknaðir eru frá þeim degi þegar aðstoðin var tiltæk viðtakandanum fram að degi endurheimtar. Í þessu máli telur ESA að aðstoðin hafi verið gerð tiltæk Masserud á þeim tíma þegar krafa sveitarfélagsins varð úrelt samkvæmt norskum fyrningarlögum, þar sem það leiddi til endanlegrar

⁽⁷⁶⁾ Dómur EFTA-dómstólsins 10. maí 2011, *Furstadæmið Liechtenstein o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, sameinuð mál E-4/10, E-6/10 og E-7/10, mgr. 141-142; dómur EFTA-dómstólsins 8. október 2012, *Hurtigruten ASA gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, sameinuð mál E-10/11 og E-11/11, mgr. 286.

⁽⁷⁷⁾ Dómur 17. júní 1999, *Belgía gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-75/97, EU:C:1999:311, mgr. 64-65; dómur EFTA-dómstólsins 12. júlí 2005, *Fesil og Finnjörð, PIL o.fl. og Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04, mgr. 178; og dómur 7. mars 2002, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-310/99, EU:C:2002:143, mgr. 98.

⁽⁷⁸⁾ Dómur 17. júní 1999, *Belgía gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-75/97, EU:C:1999:311, mgr. 66, og dómur frá 7. mars 2002, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-310/99, EU:C:2002:143, mgr. 99.

⁽⁷⁹⁾ Dómur 14. janúar 1997, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-169/95, EU:C:1997:10, mgr. 51.

⁽⁸⁰⁾ Dómur 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, mál C-387/17, EU:C:2019:51, mgr. 61.

⁽⁸¹⁾ Dómur 30. apríl 2020, *Nelson Antunes da Cunha*, mál C-627/18, EU:C:2020:321, mgr. 50 og 55.

vanrækslu sveitarfélagsins á að framfylgja kröfunni. Eins og kveðið er á um í 3. mgr. 14. gr. II. hluta SED, skal endurheimt jafnframt viðkomið án tafar og í samræmi við gildandi málsmeðferð samkvæmt landslögum. Sú innlenda málsmeðferð verður að heimila tafarlausa og skilvirka framkvæmd ákvörðunarinnar um endurheimt.

- 131) Frekari framkvæmdarákvæði sem varða endurheimt er að finna í ákvörðun ESA nr. 195/04/COL⁽⁸²⁾. ESA hefur einnig gefið út Leiðbeinandi reglur um endurheimt ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg⁽⁸³⁾.
- 132) Endurheimt ólögmatrar og ósamrýmanlegrar ríkisaðstoðar ætti að fela í sér vaxtavexti frá þeim degi þegar ólögmat aðstoð varð tiltæk aðstoðarþega í samræmi við 2. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 SED og 9. og 11. gr. ákvörðunar ESA nr. 195/04/COL.⁽⁸⁴⁾
- 133) Á grundvelli framangreinds mats, og í samræmi við ákvæðin að framan um endurheimt ólögmatrar og ósamrýmanlegrar aðstoðar, hefur Eftirlitsstofnun EFTA því samþykkt ákvörðunina.

HEFUR SAMÞYKKT ÞESSA ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Gerð sölusamnings í janúar 2014 um eignina sem um ræðir fyrir umsamið kaupverð felur ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Veiting lóðar í opinberri eigu endurgjaldslaut til Masserud Utvikling AS, sem leiddi af því að sveitarfélagið Lørenskog lét hjá líða að framfylgja kröfu sinni samkvæmt sölusamningnum sem gerður var í janúar 2014 við Masserud Utvikling AS, felur í sér ólögmat ríkisaðstoð að fjárhæð NOK 7 709 058 sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

3. gr.

Konungsríkið Noregur skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að endurheimta frá Masserud Utvikling AS þá aðstoð sem vísað er til í 2. gr. og það hlaut með ólögmatum hætti, að frádreginni hvers kyns endurgreiðslu sem þegar hefur átt sér stað.

4. gr.

Endurheimt skal fara fram án tafar og hvað sem öðru líður fyrir 11. október 2025 og í samræmi við málsmeðferðarreglur landslaga, að því tilskildu að þær heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd ákvörðunarinnar.

Aðstoðin sem endurheimta ber skal fela í sér vexti og vaxtavexti frá þeim degi þegar hún var tiltæk Masserud Utvikling AS og til þess dags þegar hún er endurheimt.

Vextir skulu reiknaðir á grundvelli 9. gr. ákvörðunar ESA nr. 195/04/COL.⁽⁸⁵⁾

⁽⁸²⁾ Ákvörðun ESA nr. 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem vísað er til skv. 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1; breytt með ákvörðun ESA nr. 319/05/COL frá 15. desember 2005 (Stjtið. ESB L 113, 27.4.2006, bls. 24), ákvörðun ESA 387/06/COL frá 13. desember 2006 (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 35), ákvörðun ESA 789/08/COL frá 17. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2010, bls. 1) og ákvörðun ESA 108/17/COL frá 4. júlí 2017.

⁽⁸³⁾ Ákvörðun ESA nr. 788/08/COL frá 17. desember 2008 um sextugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að bætt er við nýjum kafla um endurheimt ólögmatrar og ósamrýmanlegrar ríkisaðstoðar, Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32-78, og EES-viðbætur nr. 23/2011, 21.4.2011, bls. 1. Leiðbeinandi reglurnar samsvara Auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um að stefna að skilvirkari framkvæmd ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar sem mæla fyrir um að aðildarríkin endurheimti ólögmat og ósamrýmanlega ríkisaðstoð, Stjtið. ESB 2007 C 272, 15.11.2007, bls. 4.

⁽⁸⁴⁾ Ákvörðun ESA nr. 195/04/COL, ásamt breytingum; sjá neðanmálgrein 82.

⁽⁸⁵⁾ Ákvörðun ESA nr. 195/04/COL, ásamt breytingum; sjá neðanmálgrein 82.

5. gr.

Konungsríkið Noregur skal fyrir 11. ágúst 2025 upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um heildarfjárhæðina (höfuðstól og endurheimtuvexti) sem endurheimta ber af Masserud Utvikling AS, auk ráðstafana sem eru ráðgerðar eða hafa verið gerðar til að endurheimta aðstoðina.

Konungsríkinu Noregi ber að hafa framkvæmt ákvörðun ESA og endurheimt aðstoðina að fullu fyrir 11. október 2025.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

7. gr.

Texti þessarar ákvörðunar er einungis gildur á ensku.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Arne Røksund

Forseti

stjórnarmaður sem fer með málaflökkinn

Árni Páll Árnason

Stjórnarmaður

Stefan Barriga

Stjórnarmaður

Melpo-Menie Joséphidès

*meðáritar sem deildarstjóri
lagaskrifstofu*

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2025/EES/58/03

frá 5. júní 2025

í máli E-25/24

**Dartride AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvári er dómsmála- og almannaoðryggisráðuneytið
(Staten v/Justis- og beredskapsdepartementet),**

*(Skaðabótaábyrgð ríkis – Brot sem rekja má til landsdómstóls – Hugtakið um meðferð máls fyrir
dómstól sem dæmir á æðsta dómstigi – Skilvirk réttarvernd – Einsleitni)*

Hinn 5. júní 2025 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-25/24, Dartride AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvári er dómsmála- og almannaoðryggisráðuneytið (Staten v/Justis- og beredskapsdepartementet) – BEIÐNI áfrýjunardómstóls Eidsivating (Eidsivating lagmannsrett) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um hvort skaðabótaábyrgð ríkja samkvæmt EES-rétti nái til brota landsdómstóla og þau skilyrði sem þarf að uppfylla. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Ola Mestad (settur dómari) og hljóða dómsorð sem hér segir:

- Meginreglan um skaðabótaábyrgð EES-ríkja til að bæta tjón sem einstaklingar og rekstraraðilar hljóta vegna brota á skuldbindingum EES-réttar sem þau bera ábyrgð á, á einnig við þegar meinta brotið leiðir af ákvörðun landsdómstóls á æðsta dómstigi.**

Ábyrgð ríkisins vegna brota á EES-rétti vegna ákvörðunar landsdómstóls á æðsta dómstigi getur aðeins átt sér stað í þeim undantekningatilvikum þar sem dómstóllinn hefur bersýnilega brotið gegn EES-rétti.

Við aðstæður eins og þær sem um ræðir í málinu, þar sem öll innlend réttarúræði gegn dómsúrskurði, sem ætlað er að hafi brotið gegn EES-rétti, hafa verið afnumin, verður að telja að skilyrðinu um að úrskurður hafi verið kveðinn upp af landsdómstóli á æðsta dómstigi, sé fullnægt.

- EES-réttur útilokar landslög, sem útilokar almenna ríkisábyrgð á tjóni sem einstaklingar eða rekstraraðilar hljóta vegna brots á EES-rétti sem rekja má til dómstóls sem dæmir á æðsta dómstigi með því að setja viðbótarskilyrði eins og að i) ákvörðun beri að ógilda eða breyta, ii) ákvörðun verði að hafa fallið úr gildi með þeim afleiðingum að ekki hafi verið hægt að áfrýja henni í tæka tíð eða úrskurða um hana, eða iii) opinber starfsmaður sé sakfelldur fyrir refsilagabrot í tengslum við ákvörðunina.**

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2025/EES/58/04****frá 5. júní 2025****í máli E-26/24****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1118 – Tæknilegir eftirlitsstaðlar)

Hinn 5. júní 2025 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-26/24 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða gerðina sem um getur í lið 19bq í IX. viðauka við EES-samninginn (Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1118 frá 26. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðin sem skilastjórnvöld munu nota til að meta kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og samanlagða kröfu um eiginfjárauka fyrir skilaaðila á samstæðustigi skilasamstæðu ef skilasamstæðan fellur ekki undir þær kröfur samkvæmt þeirri tilskipun), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, í íslenskan rétt. Dóminn skipuðu dómaramir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann, (framsögumaður), og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina sem um getur í lið 19bq í IX. viðauka við EES-samninginn (Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1118 frá 26. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðin sem skilastjórnvöld munu nota til að meta kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og samanlagða kröfu um eiginfjárauka fyrir skilaaðila á samstæðustigi skilasamstæðu ef skilasamstæðan fellur ekki undir þær kröfur samkvæmt þeirri tilskipun), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í íslenskan rétt.
2. Íslandi er gert að greiða málskostnað.

**Beiðni *Fürstliches Obergericht* (áfrýjunardómstóls Liechtenstein) dagsett
30. apríl 2025 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Dommages
Aréas gegn Gable Insurance AG in Konkurs
(Mál E-8/25)**

2025/EES/58/05

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Fürstliches Obergericht* (áfrýjunardómstóls Liechtenstein) dagsett 30. apríl 2025, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 6. maí 2025, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Dommages Aréas gegn Gable Insurance AG in Konkurs, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Á váttryggingarkrafa í skilningi g-liðar 1. mgr. 268. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II), Stjtið. ESB 2009 L 335, bls. 1, sem var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 frá 1. júlí 2011, LGBI 2012/384, enn að njóta forgangs í samræmi við 1. mgr. 275. gr. tilskipunarinnar, jafnvel þegar krafan sem um ræðir er krafa tjónþola sem á beina kröfu á váttryggingafélagið, sem með lögboðnum kröfuhafaskiptum hefur verið framseld til fjórða aðila?

2. Ef svarið við spurningu 1 er jákvætt:

Ber að líta á málskostnað sem stofnað er til vegna váttryggingakröfu sem váttrygginga-kröfu í skilningi g-liðar 1. mgr. 268. gr. tilskipunar 2009/138/EB og telst hann þar með einnig hafa forgang í samræmi við 1. mgr. 275. gr. þeirrar tilskipunar?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11914 – MOWI/NOVA SEA)

2025/EES/58/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. september 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mowi Holding AS („Mowi“, Noregi)
- Nova Sea AS („Nova Sea“, Noregi)

Mowi nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Nova Sea í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
- Mowi er alþjóðlegt fyrirtæki í sjávarafurðum og framleiðandi norska Atlantshafseldislaxins sem starfar þvert á alla virðiskeðjuna í gegnum fôður, búskap og sölu og vinnslu á heimsvísu.
 - Nova Sea er norskt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar eingöngu við landbúnað og frumvinnslu sjávarafurða í Noregi.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 22.9.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11914 – MOWI/NOVA SEA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

(1) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11939 – FRIESLANDCAMPINA/MILCOBEL)

2025/EES/58/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. september 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Zuivelcoöperatie FrieslandCampina U.A. („FrieslandCampina“, Niðurlöndum)
- Milcobel CV („Milcobel“, Belgíu)

FrieslandCampina og Milcobel ganga til algers samruna, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- FrieslandCampina er hollenskt mjólkursamlag sem samanstendur af um 14.000 mjólkurbændum á Niðurlöndum, í Þýskalandi og Belgíu. FrieslandCampina útvegar neytendavörur, svo sem mjólk, jógúrt, ost, næringu og eftirrétti fyrir ungbörn, vörur fyrir atvinnumarkaðinn, svo sem rjóma- og smjörvörur, hráefni og hálfunnar vörur fyrir framleiðendur á næringu fyrir ungbörn, matvælaíðnaðinn og lyfjageirann.
- Milcobel er belgískt mjólkursamvinnufélag sem samanstendur af um 1.400 mjólkurbændum í Belgíu, Frakklandi og á Niðurlöndum. Milcobel myndar fjölbjóðlegt fyrirtæki sem þróar, framleiðir og selur ýmsar mjólkurvörur fyrir neytendur og hráefni fyrir fagmenn og iðnaðarmenn um allan heim.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 24.9.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11939 – FRIESLANDCAMPINA/MILCOBEL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11944 – MMG/BRAZILIAN NICKEL BUSINESS OF
ANGLO AMERICAN)

2025/EES/58/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. september 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- MMG Limited („MMG“, Ástralíu), sem lýtur yfirráðum China Minmetals Corporation (Kína)
- brasilísk nikkelstarfsemi Anglo American („Anglo Nickel Brazil“, Brasilíu) sem lýtur yfirráðum Anglo American plc (Bretlandi)

MMG nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Anglo Nickel Brazil í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

Sami samruni hafði verið tilkynntur framkvæmdastjórninni 23. apríl 2025 en tilkynningin síðan dregin til baka 22. maí 2025.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MMG rekur og þróar verkefni með kopar, sink og aðra grunnmálma í Ástralíu, Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, Botsvana og Perú.
- Anglo Nickel Brazil stundar námugróft, vinnslu og sölu á nikkel.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 24.9.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11944 – MMG/BRAZILIAN NICKEL BUSINESS OF ANGLO AMERICAN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/58/09

(mál M.12001 – MITSUI/MHI/MELCO/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. september 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mitsui & Co., Ltd („Mitsui“, Japan)
- Mitsubishi Heavy Industries, Ltd. („MHI“, Japan)
- Mitsubishi Electric Corporation („MEC“, Japan)

